

## TILSKIPUN EVRÓPUPINGSINS OG RÁÐSINS 2000/25/EB

frá 22. maí 2000

## um aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá hreyflum dráttarvéla fyrir landbúnað eða skógrækt og um breytingu á tilskipun ráðsins 74/150/EBE

EVRÓPUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins hafa tækniforskriftirnar á þessu sviði verið samræmdar með tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum <sup>(4)</sup> og þeim 22 sértilskipunum sem samþykktar voru frá 1974 til 1989.
- 2) Í því skyni að standa enn frekar vörð um umhverfið er nauðsynlegt að samþykkja viðbætur við þær ráðstafanir sem þegar hafa verið samþykktar með tilskipun ráðsins 77/537/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efnum í útblæstri dísilhreyfla til nota í landbúnaðardráttarvélum á hjólum <sup>(5)</sup> (reykþéttni útblásturslofts) með öðrum ráðstöfunum er einkum varða eðlisefnafræðilega losun. Með tilvísun til

ákvæða tilskipunar Evrópupingsins og ráðsins 97/68/EB frá 16. desember 1997 um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum <sup>(6)</sup> mælir þessi tilskipun fyrir um viðmiðunar-gildi vegna losunar mengandi lofttegunda og agna sem taka gildi í áföngum og prófunaraðferð fyrir brunahreyfla dráttarvéla fyrir landbúnað eða skógrækt. Heimilt er að líta svo á að sé ákvæðum tilskipunar ráðsins 88/77/EBE frá 3. desember 1987 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðferðir gegn mengandi efnum í útblæstri dísilhreyfla til nota í ökutækjum <sup>(7)</sup> hlýtt sé kröfum þessarar tilskipunar einnig hlýtt.

- 3) Í því skyni að auðvelda aðgang að mörkuðum þriðju landa er nauðsynlegt að kröfur þessarar tilskipunar fyrir fyrsta áfangann jafngildi kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 96 um gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir þjöppunarkveikjuhreyfla sem ætlaðir eru til ísetningar í dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt, með tilliti til mengandi útblásturs þeirra.
- 4) Til þess að ávinningurinn fyrir umhverfið í Evrópu verði sem mestur og að heildstæður markaður sé tryggður á sama tíma er nauðsynlegt að samþykkja með reglulegu millibili mjög stranga lögboðna umhverfisstaðla. Hvers kyns frekari lækun á viðmiðunargildunum og breytingar á prófunaraðferðinni er einungis hægt að samþykkja á grundvelli athugana og rannsókna á þeim möguleikum í tækni sem eru fyrir hendi nú eða eru fyrirsjáanlegir og á kostnaðarhagkvæmni þeirra, í því skyni að heimila fjöldaframleiðslu dráttarvéla fyrir landbúnað eða skógrækt sem geta uppfyllt þessi strangari viðmiðunarmörk.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 303, 2.10.1998, bls. 9.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 101, 12.4.1999, bls. 13.<sup>(3)</sup> Álit Evrópupingsins frá 5. maí 1999 (Stjtið. EB C 279, 1.10.1999, bls. 209). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 22. nóvember 1999 (Stjtið. EB C 17, 20.1.2000, bls. 13) og ákvörðun Evrópupingsins frá 12. apríl 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 84, 28.3.1974, bls. 10. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/54/EB (Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 220, 29.8.1977, bls. 38. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/54/EB.<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 59, 27.2.1998, bls. 1.<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 36, 9.2.1988, bls. 33. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/1/EB (Stjtið. EB L 40, 17.2.1996, bls. 1).

- 5) Tækni framfarir krefjast skjótrar aðlögunar tækni-  
krafnanna í viðaukunum við þessa tilskipun.  
Framkvæmdastjórnin er skuldbundin til að aðlaga án  
tafar viðmiðunargildin og dagsetningarnar í þessari  
tilskipun breytingum sem gerðar verða á tilskipun  
97/68/EB í framtíðinni. Í hverju tilviki þar sem  
Evrópuþingið og ráðið veita framkvæmdastjórninni  
umboð til að hrinda í framkvæmd þeim reglum, sem  
settar hafa verið um dráttarvélar fyrir landbúnað eða  
skógrækt, ber að ákvarða málsmeðferð þar sem kveðið  
er á um undanfarandi tilhögun samráðs innan nefndar  
milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna.
- 6) Kröfur þessarar tilskipunar eru viðbót við kröfurnar í  
tilskipun 77/53/EBE sem um getur í lið 2.8.1 í  
II. viðauka við tilskipun 74/150/EBE. Nauðsynlegt er  
því að breyta tilskipun 74/150/EBE til þess að bæta  
við nýjum lið 2.8.2 inn í II. viðauka um það  
viðfangsefni sem þessi tilskipun fjallar um með  
tilvísuninni ST (sértilskipun).
- 7) Aðildarríki ein sér geta ekki svo vel sé náð þeim  
markmiðum að draga úr mengandi útblæstri frá  
dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt og tryggja  
hnökralausa framkvæmd innri markaðarins fyrir slík  
ökutæki og því verður þessum markmiðum fremur náð  
með því að samræma lög aðildarríkjanna um  
ráðstafanir sem ber að grípa til gegn loftmengun frá  
slíkum ökutækjum. Ráðstafanirnar í þessari tilskipun  
ganga ekki lengra en nauðsynlegt er til þess að  
markmiðum sáttmálans verði náð.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

#### Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér  
segir:

- „dráttarvél fyrir landbúnað eða skógrækt“ (hér á eftir  
nefnd „dráttarvél“): ökutæki samkvæmt skilgreiningu í 1.  
mgr. 1. gr. tilskipunar 74/150/EBE,
- „hreyfill“: brunahreyfill sem er ætlað að knýja  
dráttarvélar eins og skilgreint er í I. viðauka,
- „gerðarviðurkenning gerðar hreyfils eða hóps hreyfla  
sem aðskilinnar tæknieiningar með tilliti til mengandi  
útblasturs“: skjal þar sem aðildarríki vottar að gerð eða  
hópur hreyfla sem ætlað er að knýja dráttarvélar uppfylli  
tækniröfur þessarar tilskipunar,

- „gerðarviðurkenning fyrir gerð dráttarvélar með tilliti til  
mengandi útblásturs“: skjal þar sem aðildarríki vottar að  
gerð dráttarvélar búin hreyfli uppfylli tækniröfur  
þessarar tilskipunar,
- „hópur hreyfla“: tvær eða fleiri gerðir hreyfla sem eru  
hannaðir á svipaðan hátt og búa þar af leiðandi yfir  
sambærilegum eiginleikum hvað varðar mengandi  
útblastur.

*2. gr.*

#### Gerðarviðurkenningaraðferð

Aðferðin við að veita gerðarviðurkenningu fyrir gerð eða  
hóp hreyfla með tilliti til mengandi útblásturs, aðferðin við  
að veita gerðarviðurkenningu fyrir dráttarvélar með tilliti til  
mengandi útblásturs og skilyrðin fyrir ótakmarkaðri  
markaðssetningu slíkra hreyfla og dráttarvéla er eins og  
mælt er fyrir um í tilskipun 74/150/EBE.

*3. gr.*

#### Skuldbindingar

1. Með fyrirvara um 5. gr. skulu allar gerðir eða hópar  
hreyfla uppfylla kröfur I. viðauka.
2. Allar gerðir dráttarvéla skulu uppfylla kröfurnar í  
II. viðauka. Með tilliti til þessa skal viðurkenna gerðar-  
viðurkenningar fyrir gerð eða hóp hreyfla sem hafa verið  
veittar í samræmi við I. viðauka eða ákvæðin sem getið er  
um í III. viðauka.

*4. gr.*

#### Tímaáætlun

1. Eftir 30. september 2000 er aðildarríkjum óheimilt:
  - að synja um EB-gerðarviðurkenningu eða innlenda  
gerðarviðurkenningu fyrir gerð hreyfils eða hóp hreyfla,  
eða
  - banna að nýir hreyflar verði seldir, teknir í notkun eða  
notaðir, eða
  - að synja um EB-gerðarviðurkenningu eða innlenda  
gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar, eða

- banna að gerð dráttarvélar sé notuð, seld eða tekin í notkun í fyrsta sinn,

af ástæðum er varða loftmengun ef mengunarefnin frá þessum hreyflum eða hreyflum, sem eru í þessum dráttarvélum, uppfylla kröfur þessarar tilskipunar.

2. Aðildarríkjum er ekki lengur heimilt að veita EB-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð eða hóp hreyfla eða gerð dráttarvélar ef mengunarefnin frá hreyflinum uppfylla ekki kröfur þessarar tilskipunar:

a) I. áfangi

- eftir 31. desember 2000 fyrir hreyfla í flokkum B og C (afköst eins og þau eru skilgreind í 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 97/68/EB),

b) II. áfangi

- eftir 31. desember 2000 fyrir hreyfla í flokkum D og E (afköst eins og þau eru skilgreind í 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 97/68/EB),
- eftir 31. desember 2001 fyrir hreyfla í flokki F (afköst eins og þau eru skilgreind í 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 97/68/EB),
- eftir 31. desember 2002 fyrir hreyfla í flokki G (afköst eins og þau eru skilgreind í 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 97/68/EB).

3. Aðildarríkin skulu banna að tekin séu í notkun í fyrsta sinn hreyflar og dráttarvélar ef mengunarefnin sem hreyflarnir losa uppfylla ekki kröfur tilskipunarinnar:

- eftir 30 júní 2001 fyrir hreyfla í flokkum A, B og C,
- eftir 31. desember 2001 fyrir hreyfla í flokkum D og E,
- eftir 31. desember 2002 fyrir hreyfla í flokki F,
- eftir 31. desember 2003 fyrir hreyfla í flokki G.

Fyrir dráttarvélar búnar hreyflum í flokkum E eða F skal hins vegar seinka ofangreindum dagsetningum um sex mánuði.

4. Kröfurnar í 3. lið eiga ekki við um hreyfla sem ætlaðir eru til ísetningar í gerðir dráttarvéla sem flytja á út til þriðju landa eða þegar skipt er um hreyfla í dráttarvélum sem þegar eru í notkun.

5. Aðildarríkjunum er heimilt að seinka þeim dagsetningum, sem nefndar eru í 3. lið, um tvö ár að því er varðar hreyfla sem voru framleiddir fyrir téða dagsetningu. Þeim er heimilt að veita aðrar undanþágur samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 10. gr. tilskipunar 97/68/EB.

5. gr.

#### Viðurkenning á jafngildi og samræmi

Yfirvöld aðildarríkjanna, sem veita EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð eða hóp hreyfla, skulu viðurkenna að gerðarviðurkenningar, sem veittar eru samkvæmt ákvæðum III. viðauka og samsvarandi gerðarviðurkenningarmerki, séu í samræmi við þessa tilskipun.

6. gr.

#### Frekari lækkun viðmiðunargilda fyrir losun mengandi efna

Um leið og Evrópuþingið og ráðið samþykkja ákvæðin, sem um getur í 19. gr. tilskipunar 97/68/EB, skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar 74/150/EBE, samræma án tafar viðmiðunargildin og dagsetningarnar í þessari tilskipun þeim sem samþykkt voru í kjölfar þeirra ákvarðanna sem voru teknar samkvæmt framangreindri 19. gr.

7. gr.

#### Tæknileg aðlögun

Samþykkja ber allar nauðsynlegar breytingar til að laga kröfurnar í viðaukunum að tækniframförum í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar 74/150/EBE.

8. gr.

#### Breyting á tilskipun 74/150/EBE

Eftirfarandi liður 2.8.2 skal felldur inn í II. viðauka við tilskipun 74/150/EBE: „2.8.2. Losun mengandi lofttegunda og agna frá hreyflum: ST“.

9. gr.

#### Lögleiðing í aðildarríkjunum

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 29. september 2000. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 31. desember 2000.

*11. gr.*

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun, eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

### **Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

*10. gr.*

Gjört í Brussel 22. maí 2000.

### **Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

*Fyrir hönd ráðsins,*

N. FONTAINE

J. GAMA

*forseti.*

*forseti.*

**SKRÁ YFIR VIÐAUKA**

- I. VIÐAUKI Kröfur vegna EB-gerðarviðurkenningar fyrir gerð hreyfils eða hóp hreyfla fyrir dráttarvél sem aðskilinnar tæknieiningar með tilliti til losunar mengunarefna
1. viðbætur: Upplýsingaskjal varðandi EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð stofnhreyfils fyrir dráttarvél sem aðskilinnar tæknieiningar með tilliti til losunar mengunarefna
  2. viðbætur: EB-gerðarviðurkenningavottorð fyrir aðskilda tæknieiningu
  3. viðbætur: Merking hreyfils
  4. viðbætur: Númerakerfi
  5. viðbætur: EB-gerðarviðurkenningamerki
- II. VIÐAUKI Kröfur vegna EB-gerðarviðurkenningar fyrir gerð dráttarvélar, búna þjöppunarkveikjuhreyfli, með tilliti til losunar mengunarefna
1. viðbætur: Upplýsingaskjal
  2. viðbætur: EB-gerðarviðurkenning
- III. VIÐAUKI Viðurkenning annarra gerðarviðurkenninga
-

## I. VIÐAUKI

**KRÖFUR VEGNA EB-GERÐARVIÐURKENNINGAR FYRIR GERÐ HREYFIS EÐA HÓP HREYFLA FYRIR DRÁTTARVÉL SEM AÐSKILINNAR TÆKNIEININGAR MEÐ TILLITI TIL LOSUNAR MENGUNAREFNA**

## 0. ALMENNT

Viðeigandi skilgreiningar, ták og skammstafanir tilskipunar 97/68/EB eiga við nema um aðrar skilgreiningar sé að ræða í þessari tilskipun.

## 1. SKILGREININGAR

— „gerð dráttarvélarhreyfils með tilliti til losunar mengunarefna“: þjöppunarkveikjuhreyflar sem ekki eru frábrugðnir með tilliti til þeirra grundvallaratriða sem skilgreind eru í 1. viðbæti við I. viðauka,

— „losun mengunarefna“: mengandi lofttegundir (kolsýringur, vetniskolefni og köfnunarefnisoxíð) og mengandi agnir.

## 2. UMSÓKN UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU FYRIR GERÐ HREYFIS EÐA HÓP HREYFLA SEM AÐSKILINNAR TÆKNIEININGAR

2.1. Framleiðandi hreyfilsins eða umboðsmaður hans skal sækja um gerðarviðurkenningu fyrir gerð hreyfils eða hóp hreyfla með tilliti til losunar mengunarefna.

2.2. Umsókninni skal fylgja upplýsingaskjal, fyllt út í þrítítri, en fyrirmynd að slíku skjali er að finna í I. viðbæti við þennan viðauka.

2.3. Látá ber tækniþjónustunni, sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar, í té hreyfil sem er í samræmi við einkenni „gerðar hreyfils“ eða „stofnhreyfils“ sem lýst er í I. viðbæti við þennan viðauka.

2.4. Þegar um er að ræða umsókn um gerðarviðurkenningu fyrir hóp hreyfla skal, ef viðurkenningaryfirvald telur að umsóknin eigi, að því er varðar stofnhreyfilinn sem valinn hefur verið, ekki fyllilega við um þann hóp hreyfla sem lýst er í 2. viðbæti II. viðauka við tilskipun 97/68/EB, látinn í té annars konar stofnhreyfill og, ef þörf krefur, viðbótarstofnhreyfill, sem viðurkenningaryfirvald ákvarðar, til viðurkenningar samkvæmt 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 97/68/EB.

## 3. FORSKRIFTIR OG PRÓFANIR

Ákvæði 4. þáttar í I. viðauka og III., IV. og V. viðauka við tilskipun 97/68/EB gilda.

## 4. GERÐARVIÐURKENNING FYRIR AÐSKILDA TÆKNIEININGU

Gefa skal út EB-gerðarviðurkenningarvottorð sem samræmist fyrirmyndinni sem er að finna í 2. viðbæti við þennan viðauka.

## 5. MERKING HREYFLA

Merkja skal hreyfilinn í samræmi við kröfurnar í 3. viðbæti við þennan viðauka. Kenninúmerið skal samræmast ákvæðunum í 4. og 5. viðbæti við þennan viðauka.

## 6. SAMRÆMI FRAMLEIÐSLU

Með fyrirvara um kröfurnar í 8. gr. tilskipunar 74/150/EBE skal kanna samræmi framleiðslu samkvæmt ákvæðum 5. þáttar I. viðauka við tilskipun 97/68/EB.

## 7. TILKYNNING UM ÚTGÁFU GERÐARVIÐURKENNINGA

Tilkynning um gerðarviðurkenningu, útvíkkun, synjun eða afturköllun á gerðarviðurkenningu eða endanlega stöðvun framleiðslu með tilliti til gerðar hreyfils samkvæmt I. viðauka eða gerðar dráttarvélar samkvæmt II. viðauka skal senda aðildarráðgjafi í samræmi við 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 74/150/EBE.

## 8. HÓPUR HREYFLA

## 8.1 Færibreytur sem skilgreina hóp hreyfla

Hægt er að skilgreina hreyflahópinn með færibreytum sem varða grunnhönnun og verða að vera þær sömu fyrir alla hreyfla innan hópsins. Í ákveðnum tilfellum getur verið um milliverkun færibreytna að ræða. Taka verður þessi áhrif með í reikninginn til að tryggja að einungis hreyflar með álíka útblásturseinkenni séu settir í sama hóp.

Til að hreyflar geti talist til sama hóps verða eftirtaldir grunnfæribreytur að vera þeim sameiginlegar.

8.1.1. Vinnuhringur: tvígangis/fjörgangis (<sup>1</sup>)8.1.2. Kælimiðill: loft/vatn/olfa (<sup>1</sup>)

## 8.1.3. Slagrými einstakra strokka

heildarniðurstöður fyrir hreyflana mega dreifast innan 15% vikmarka

fjöldi strokka fyrir vélar með eftirmeðferðartæki

8.1.4. Loftinnsogsaðferð: innsog/þrýstingsstjórnun (<sup>1</sup>)

## 8.1.5. Gerð/hönnun brunahólfs

– forhólf

– hvirfilhólf

– opið hólf

## 8.1.6. Ventlar og op – tilhögun, stærð og fjöldi

– strokklok

– strokkveggur

– sveifarhús

## 8.1.7. Eldsneytiskerfi

– dæluening í raðolíuverki

– raðolíuverk

– deiliolíuverk

– einstök eining

– sambyggður eldsneytislöki

## 8.1.8. Útblásturshringrás

8.1.9. Vatnsinnsprautun/-ýring (<sup>1</sup>)

## 8.1.10. Loftinnæling

- 8.1.11. Kælikerfi hleðslulofts
- 8.1.12. Oxunarhvati
- 8.1.13. Afoxunarhvati
- 8.1.14. Hitahvarfrými
- 8.1.15. Agnasía
  
- 8.2. Val á stofnhreyfli
  
- 8.2.1. Við val á stofnhreyfli hópsins skal meginviðmiðunin vera mesta eldsneytisskömmun á hvert slag við tilgreint hámarkssnúningsvægi. Ef tveir eða fleiri hreyflar hafa til að bera þessa meginviðmiðun skal stofnhreyfill valinn samkvæmt viðbótarviðmiðun sem er mesta eldsneytisnotkun á hvert slag á nafnhræða. Við tiltekna aðstæður getur viðurkenningaryfirvald ákveðið að besta leiðin til að greina mestu hugsanlegu losun í hópnum sé að prófa annan hreyfil. Því getur viðurkenningaryfirvald valið viðbótarhreyfil til prófana út frá einkennum sem benda til þess að hann mengi hugsanlega mest allra hreyfla í þeim hópi.
  
- 8.2.2. Ef hreyflar innan hópsins hafa önnur einkenni, sem gætu talist hafa áhrif á losun mengandi efna í útblæstri, skulu þau skilgreind og tekin með í reikninginn við val á stofnhreyfli.

---

(<sup>1</sup>) Strikið út það sem á ekki við.

## 1. viðbætur

## Upplýsingaskjal

**varðandi EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð stofnhreyfils fyrir dráttarvél sem aðskilinnar tæknieiningar með tilliti til losunar mengunarefna**

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrítí og með skrá yfir fylgiskjöl. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, þar sem þeirra er þörf, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

## 1. HLUTI ALMENNT

1. **Stofnhreyfill/gerð hreyfils** <sup>(1)</sup> <sup>(3)</sup>

1.1. Tegund(ir) (viðskiptaheiti framleiðanda): .....

1.2. Gerð og verslunarheiti stofnhreyfils eða -hreyfla og (ef við á) hóps hreyfla <sup>(1)</sup>: .....

1.3. Gerðarkóði framleiðanda eins og hann er festur á hreyfilinn (hreyflana) og aðferð við að festa hann á:

1.3.1. Staðsetning, kóðun og aðferð við áfestingu kenninúmers fyrir gerð hreyfilsins: .....

1.3.2. Staðsetning og aðferð við áfestingu EB-viðurkenningarmarkis íhlutar: .....

1.4. Nafn og heimilisfang framleiðanda: .....

1.5. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja: .....

## 2. HLUTI GERÐ HREYFILS

2. **Grundvallareinkenni hreyfilgerðarinnar**

2.1. Lýsing á þjöppunarkveikjuhreyflinum

2.1.1. Framleiðandi: .....

2.1.2. Hreyfilkóði framleiðanda eins og sá sem er festur á hreyfilinn: .....

2.1.3. Vinnuhringur: fjörgengis/tvígengis <sup>(1)</sup>

2.1.4. Borvídd: ..... mm

2.1.5. Slaglengd: ..... mm

2.1.6. Fjöldi og fyrirkomulag strokka:

2.1.7. Sprengirými: ..... cm<sup>3</sup>

- 2.1.8. Nafnsnúningshraði: ..... sn./mín.
- 2.1.9. Toppgildi snúningsvægis: ..... sn./mín.
- 2.1.10. Þrýstihlutfall (<sup>2</sup>): .....
- 2.1.11. Brennslukerfi: .....
- 2.1.12. Teikning(ar) af brunahólfi og stimpilkolli: .....
- 2.1.13. Lágmarks þversniðsflatarmál inn- og úttaksrásar: .....
- 2.1.14. Kælikerfi
- 2.1.14.1. Kælivökvi
- 2.1.14.1.1. Eðli kælivökva: .....
- 2.1.14.1.2. Hringrásardæla eða -dælur: já/nei (<sup>1</sup>)
- 2.1.14.1.3. Einkenni eða tegund (-ir) og gerð (-ir) (ef við á): .....
- 2.1.14.1.4. Drifhlutfall eða -föll (ef við á): .....
- 2.1.14.2. Loft
- 2.1.14.2.1. Blásari: já/nei (<sup>1</sup>)
- 2.1.14.2.2. Einkenni eða tegund (-ir) og gerð (-ir) (ef við á): .....
- 2.1.14.2.3. Drifhlutfall eða -föll (ef við á): .....
- 2.1.15. Hitastig sem framleiðandi heimilar: .....
- 2.1.15.1. Vökvakæling: hámarkshiti við úttak: .....K
- 2.1.15.2. Loftkæling: viðmiðunarpunktur: .....
- Hámarkshiti við viðmiðunarpunkt: ..... K
- 2.1.15.3. Hámarkshiti hleðslulofts við úttak millikælis (ef við á): ..... K
- 2.1.15.4. Hámarkshiti útblásturs við þann punkt í útblástursröri eða -rörum sem er við ytri kraga útblástursgreinar eða greina: ..... K
- 2.1.15.5. Hitastig smurolúu: lágmark: ..... K hámark: ..... K
- 2.1.16. Forþjappa: já/nei (<sup>1</sup>)
- 2.1.16.1. Tegund: .....

- 2.1.16.2. Gerð:.....
- 2.1.16.3. Lýsing á kerfinu (t.d. hámarksþjöppunarálagi, úttaksventli, ef við á): .....
- 2.1.16.4. Millikælir: já/nei <sup>(1)</sup>
- 2.1.17. Inntakskerfi: leyfilegur hámarksundirþrýstingur í inntaki við nafnsnúningshraða hreyfils ..... sn./mín.  
.....kPa og við 100% álag: .....kPa
- 2.1.18. Útblásturskerfi: leyfilegur hámarksbakþrýstingur útblásturs við nafnsnúningshraða hreyfils  
..... sn./mín.  
.....kPa og við 100% álag: .....kPa <sup>(2)</sup>
- 2.2. Aukamengunarvarnarbúnaður (ef einhver og sem fellur ekki undir aðra liði)
- Lýsing og/eða skýringarmyndir: .....
- 2.3. Eldsneytisgjöf
- 2.3.1. Eldsneytisdæla
- Þrýstingur <sup>(2)</sup> eða kennilína: .....kPa
- 2.3.2. Innsprautunarkerfi
- 2.3.2.1. Dæla
- 2.3.2.1.1. Tegund (-ir): .....
- 2.3.2.1.2. Gerð (-ir): .....
- 2.3.2.1.3. Skömmtun: ..... og ..... mm<sup>3</sup> <sup>(2)</sup> á slag eða vinnuhring við dæluhraðann: ..... sn./mín.  
(nafnsnúningshraði) og ..... sn./mín.(hámarksnúningsvægi), eða kennilína
- Tilgreinið þá aðferð sem notuð er: á hreyfil/ prófunarbekk <sup>(1)</sup>
- 2.3.2.1.4. Flýting innsprautunar
- 2.3.2.1.4.1. Ferill fyrir flýtingu innsprautunar <sup>(2)</sup>: .....
- 2.3.2.1.4.2. Tímastilling <sup>(2)</sup>: .....
- 2.3.2.2. Leiðslur fyrir innsprautun
- 2.3.2.2.1. Lengd: ..... mm

- 2.3.2.2.2. Innra þvermál: .....mm
- 2.3.2.3. Eldsneytisloki (-ar)
- 2.3.2.3.1. Tegund (-ir): .....
- 2.3.2.3.2. Gerð (-ir): .....
- 2.3.2.3.3. Opnunarþrýstingur <sup>(2)</sup> eða kennilína <sup>(1)</sup>: .....
- 2.3.2.4. Gangráður (-ar)
- 2.3.2.4.1. Tegund (-ir): .....
- 2.3.2.4.2. Gerð (-ir): .....
- 2.3.2.4.3. Sá hraði þegar lokun hefst við fullt álag <sup>(2)</sup>: ..... sn./mín.
- 2.3.2.4.4. Hámarkssnúningshraði án álags <sup>(2)</sup>: ..... sn./mín.
- 2.3.2.4.5. Snúningshraði í hægagangi <sup>(2)</sup>: ..... sn./mín.
- 2.3.3. Kaldræsikerfi
- 2.3.3.1. Tegund (-ir): .....
- 2.3.3.2. Gerð (-ir): .....
- 2.3.3.3. Lýsing: .....
- 2.4. Tímastilling ventla
- 2.4.1. Hámarkslyfting og opnunar- og lokunarhorn miðað við efri dástöðu eða jafngildar upplýsingar: .....
- 2.4.2. Viðmiðunarbíl og/eða stillisvið <sup>(1)</sup>: .....
- 2.5. Rafstýringarbúnaður
- Ef rafstýringarbúnaður er í hreyflinum skal leggja fram upplýsingar varðandi virkni hans, þar með talið:
- 2.5.1. Tegund: .....
- 2.5.2. Gerð: .....
- 2.5.3. Númer hreyfilshlutar: .....

- 2.5.4. Staðsetning rafstýrieiningar hreyfilsins: .....
- 2.5.4.1. Hvað hún nemur: .....
- 2.5.4.2. Hverju hún stjórnar: .....
3. HLUTI HÓPUR HREYFLA MEÐ ÞJÖPPUNARKVEIKJU

### 3. Grundvallareinkenni hreyfilhópsins

- 3.1. Skrá yfir hreyfilgerðir innan hóps
- 3.1.1. Heiti hreyfilhópsins: .....
- 3.1.2. Forskrift fyrir hreyfilgerðir innan þessa hóps:

					Stofn- hreyfill
Gerð hreyfils					
Fjöldi strokka					
Nafnsnúningshraði (sn./mín.)					
Eldsneytisskammtur á slag (mm <sup>3</sup> ) við nafnsnúningshraða					
Nettónafnafl (kW)					
Hraði hreyfils við mesta snúningsvægi (sn./mín.)					
Eldsneytisskammtur á slag (mm <sup>3</sup> ) við hámarkssnúningsvægi					
Hámarkssnúningsvægi (Nm)					
Minnsti snúningshraði í hægagangi (sn./mín.)					
Sprengirými á strokk sem hundraðshluti stofnhreyfils					100

### 4. HLUTI GERÐ HREYFILLS INNAN HÓPS

#### 4. Grundvallareinkenni stofnhreyfils hópsins (°)

- 4.1. Lýsing á þjöppunarkveikjuhreyflinum
- 4.1.1. Framleiðandi: .....
- 4.1.2. Hreyfilmerki framleiðanda eins og það sem er fest á hreyfilinn: .....
- 4.1.3. Vinnuhringur: fjörgengis/tvígengis (1)
- 4.1.4. Borvídd: ..... mm
- 4.1.5. Slaglengd: ..... mm

- 4.1.6. Fjöldi og fyrirkomulag strokka: .....
- 4.1.7. Sprengirými: ..... cm<sup>3</sup>
- 4.1.8. Nafnsúningshraði: ..... sn./mín.
- 4.1.9. Toppildi snúningsvægis: ..... sn./mín.
- 4.1.10. Þrýstihlutfall (<sup>2</sup>): .....
- 4.1.11. Lýsing á brennsluferfi: .....
- 4.1.12. Teikningar af brunahólfi og stimpilkolli: .....
- 4.1.13. Lágmarks þversniðsflatarmál inn- og úttaksrásar: .....
- 4.1.14. Kælikerfi
- 4.1.14.1. Kælivökvi
- 4.1.14.1.1. Eðli kælivökva: .....
- 4.1.14.1.2. Hringrásardæla eða -dælur: já/nei (<sup>1</sup>)
- 4.1.14.1.3. Einkenni eða tegund (-ir) og gerð (-ir) (ef við á): .....
- 4.1.14.1.4. Drifhlutfall eða -föll (ef við á): .....
- 4.1.14.2. Loft
- 4.1.14.2.1. Blásari: já/nei (<sup>1</sup>)
- 4.1.14.2.2. Einkenni eða tegund (-ir) og gerð (-ir) (ef við á): .....
- 4.1.14.2.3. Drifhlutfall eða -föll (ef við á): .....
- 4.1.15. Hitastig sem framleiðandi heimilar:
- 4.1.15.1. Vökvæling: hámarkshiti við úttak: ..... K
- 4.1.15.2. Loftkæling: viðmiðunarpunktur: .....
- Hámarkshiti við viðmiðunarpunkt: ..... K
- 4.1.15.3. Hámarkshiti hleðsluofts við úttak millikælis (ef við á): ..... K
- 4.1.15.4. Hámarkshiti útblásturs við þann punkt í útblástursröri eða -rörum sem er við ytri kruga útblástursgreinar eða greina: ..... K
- 4.1.15.5. Hitastig smurólú: lágmark: ..... K hámark: ..... K

- 4.1.16. Forbjappa: já/nei <sup>(1)</sup>
- 4.1.16.1. Tegund: .....
- 4.1.16.2. Gerð: .....
- 4.1.16.3. Lýsing á kerfinu (t.d. hámarksþjöppunarálagi, úttaksventli, ef við á): .....
- 4.1.16.4. Millikælir: já/nei <sup>(1)</sup>
- 4.1.17. Inntakskerfi: leyfilegur hámarksundirþrýstingur í inntaki við nafnsnúningshraða ..... sn./mín.:  
..... kPa og við 100% álag: ..... kPa
- 4.1.18. Útblásturskerfi: leyfilegur hámarksbakþrýstingur útblásturs við nafnsnúningshraða hreyfils .. sn./mín.:  
..... kPa og við 100% álag: ..... kPa
- 4.2. Aukamengunarvarnarbúnaður (ef einhver og sem fellur ekki undir aðra liði)
- Lýsing og/eða <sup>(1)</sup> skýringarmyndir: .....
- 4.3. Eldsneytisgjöf
- 4.3.1. Eldsneytisdæla
- Drýstingur <sup>(2)</sup> eða kennilína ..... kPa
- 4.3.2. Innsprautunarkerfi
- 4.3.2.1. Dæla
- 4.3.2.1.1. Tegund (-ir): .....
- 4.3.2.1.2. Gerð (-ir): .....
- 4.3.2.1.3. Skömmtun: ..... mm<sup>3</sup> <sup>(2)</sup> á slag eða vinnuhring við dæluhraðann: ..... sn./mín.  
(nafnsnúningshraði) og ..... sn./mín. (hámarkssnúningsvægi), eða kennilína  
Tilgreinið þá aðferð sem notuð er: á hreyfil/prófunarbekk <sup>(1)</sup>
- 4.3.2.1.4. Flýting innsprautunar
- 4.3.2.1.4.1. Ferill fyrir flýtingu innsprautunar <sup>(2)</sup>: .....
- 4.3.2.1.4.2. Tímastilling <sup>(2)</sup>: .....

- 4.3.2.2. Leiðslur fyrir innsprautun
- 4.3.2.2.1. Lengd ..... mm
- 4.3.2.2.2. Innra þvermál: ..... mm
- 4.3.2.3. Eldsneytisloki (-ar)
- 4.3.2.3.1. Tegund (-ir): .....
- 4.3.2.3.2. Gerð (-ir): .....
- 4.3.2.3.3. Þrýstingur við op <sup>(2)</sup> eða kennilína: .....
- 4.3.2.4. Gangráður
- 4.3.2.4.1. Tegund (-ir): .....
- 4.3.2.4.2. Gerð (-ir): .....
- 4.3.2.4.3. Sá hraði þegar lokun hefst við fullt álag <sup>(2)</sup>: ..... sn./mín.
- 4.3.2.4.4. Hámarkssnúningshraði án álags <sup>(2)</sup>: ..... sn./mín.
- 4.3.2.4.5. Snúningshraði í hægagangi <sup>(2)</sup>: ..... sn./mín.
- 4.3.3. Kaldræsikerfi
- 4.3.3.1. Tegund (-ir): .....
- 4.3.3.2. Gerð (-ir): .....
- 4.3.3.3. Lýsing: .....
- 4.4. Tímastilling ventla
- 4.4.1. Hámarkslyfting og opunar- og lokunarhorn miðað við efri dástöðu eða jafngildar upplýsingar: .....
- .....
- 4.4.2. Viðmiðunarbíl- og/eða stillisvið <sup>(1)</sup>
- 4.5. Rafstýringarbúnaður
- Ef rafstýringarbúnaður er í hreyflinum skal leggja fram upplýsingar um virkni hans, þar með talið:
- 4.5.1. Tegund: .....

- 4.5.2. Gerð:
- 4.5.3. Númer hreyfilshlutar: .....
- 4.5.4. Staðsetning rafstýrieiningar hreyfilsins: .....
- 4.5.4.1. Hvað hún nemur: .....
- 4.5.4.2. Hverju hún stjórnar: .....
- 

<sup>(1)</sup> Strikið út eftir því sem við á.

<sup>(2)</sup> Tilgreinið vikið.

<sup>(3)</sup> Þegar sótt er um fyrir fleiri en einn stofnhreyfil skal fylla út sérstakt eyðublað fyrir hvern og einn.

2. viðbætur

**SÝNISHORN**

(Hámarksstærð A4 (210x297mm))

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ FYRIR AÐSKILDA TÆKNIEININGU

Stimpill  
yfirvalds

Tilkynning um:

- gerðarviðurkenningu íhlutar <sup>(1)</sup>
- rýmkun á gerðarviðurkenningu íhlutar <sup>(1)</sup>
- synjun á gerðarviðurkenningu íhlutar <sup>(1)</sup>
- afturköllun á gerðarviðurkenningu íhlutar <sup>(1)</sup>

samkvæmt tilskípun .../.../EB fyrir gerð þjöppunarkveikjuhreyfils eða hóp slíkra hreyfla fyrir dráttarvélar sem aðskilinnar tæknieiningar með tilliti til losunar mengunarefna.

EB-gerðarviðurkenningarnúmer íhlutar: .....

Rýmkunarnúmer <sup>(2)</sup>: .....Ástæða rýmkunar <sup>(2)</sup>: .....**I. HLUTI**

0. Almenn
- 0.1. Tegund (heiti fyrirtækis): .....
- 0.2. Nafn og heimilisfang framleiðanda (eða umboðsmanns hans eftir því sem við á) stofnhreyfils-gerðarinnar og (eftir því sem við á) hreyfilgerðanna innan hópsins <sup>(1)</sup>: .....
- 0.3. Gerðarkóði framleiðanda eins og hann er settur á hreyfilinn (hreyflana): .....
- Staðsetning: .....
- Aðferð við að festa á: .....
- 0.4. Staðsetning, kóðun og aðferð við að festa kenninúmer hreyfilsins á: .....
- 0.5. Staðsetning og aðferð við að festa EB-viðurkenningarkerki íhlutar á: .....
- 0.6. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja: .....

## II. HLUTI

1. Takmörkun á notkun (ef einhver): .....
- 1.1. Sérstök skilyrði sem uppfylla skal þegar hreyfillinn (hreyflarnir) eru settir í dráttarvélina: .....
- 1.1.1. Leyfilegur hámarksundirþrýstingur í inntaki: ..... kPa
- 1.1.2. Leyfilegur hámarksbakþrýstingur: ..... kPa
- 2.1. Tækniþjónusta sem annast gerðarviðurkenningarprófanirnar: .....
- 2.2. Dagsetning prófunarskýrslu: .....
- 2.3. Númer prófunarskýrslu: .....
- 2.4. Niðurstöður úr prófunum

Mælt í samræmi við kröfur tilskipunar 97/68/EB.

CO (g/kWh)	HC (g/kWh)	No <sub>x</sub> (g/kWh)	Agnir (g/kWh)

3. Undirritaður vottar hér með að lýsing framleiðanda á gerð hreyfils/stofnhreyfli innan hópsins sem lýst er hér að framan og að meðfylgjandi prófunarniðurstöður, sem koma fram í gerðarviðurkenningarskýrslunni, séu réttar.

Gerðarviðurkenning íhlutar er veitt, synjað um hana eða hún afturkölluð <sup>(1)</sup>

Staður: .....

Dagsetning: .....

Undirskrift .....

Viðauki: .....

Gerðarviðurkenningarskýrsla íhlutar: .....

<sup>(1)</sup> Strikið út eftir því sem við á.

<sup>(2)</sup> Tilgreinið vikmörk.

*3. viðbætur***Merking hreyfla**

1. Hreyfill, sem samþykktur er sem aðskilin tæknieining, skal merktur með:
  - 1.1. vörumerki eða viðskiptaheiti framleiðanda hreyfilsins;
  - 1.2. gerð hreyfils, og ef við á hóp hreyfla, og sérstöku kenninúmeri hreyfilsins;
  - 1.3. EB-gerðarviðurkenningarmerkinu í samræmi við 5. viðbæti við þennan viðauka.
2. Merkingar þessar skulu endast allan endingartíma hreyfilsins og skulu vera auðlæsilegar og óafmáanlegar. Ef merkimiðar eða -plötur eru notaðar skulu þau fest á þann hátt að þau endist allan endingartíma hreyfilsins og að ekki sé hægt að fjarlægja merkimiðana/-plöturnar án þess að eyðileggja þau eða gera þau ólæsilegar.
3. Merkingarnar skulu festar við einhvern hreyfilhluta sem er nauðsynlegur við eðlilega notkun hreyfilsins og þarf að öllu jöfnu ekki að endurnýja svo lengi sem hreyfillinn endist.

Merkingum þessum skal þannig fyrir komið að venjulegt fólk komi auðveldlega auga á þær eftir að hreyfillinn hefur verið settur í dráttarvélinu með öllum þeim fylgihlutum sem nauðsynlegir eru fyrir notkun hans. Ef fjarlægja þarf vélarhlíf til þess að merkið sé sýnilegt skal þessi krafa teljast uppfyllt ef einfalt er að fjarlægja vélarhlífina án verkfæra.

Ef vafi leikur á því að þetta skilyrði sé uppfyllt skal það teljast uppfyllt ef viðbótarmerkingu hefur verið bætt við þar sem kemur að minnsta kosti kenninúmer hreyfilsins og nafn, viðskiptaheiti eða kennimerki framleiðanda.

Viðbótarmerkinguna skal festa á eða við hlið mikilvægs íhlutar, sem að öllu jöfnu er ekki nauðsynlegt að skipta um á endingartíma hreyfilsins, og vera aðgengileg, án þess að notuð séu verkfæri, þegar kerfisbundið viðhald fer fram, að öðrum kosti skal hún staðsett í nokkurri fjarlægð frá upprunalegu merkingunni á sveifarhúsinu. Upprunalega merkingin og, eftir því sem við á, viðbótarmerkingin skulu báðar vera auðsýnilegar eftir að allir fylgihlutir, sem nauðsynlegir eru fyrir notkun hreyfilsins, hafa verið settir í. Leyfa skal vélarhlíf sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í málsgreininni hér að framan. Viðbótarmerkingin skal fest á varanlega, helst á þá hlið hreyfilsins sem snýr upp, til dæmis með því að greypa hana í, eða með sjálflímandi miða eða plötu sem uppfylla kröfurnar í lið 2.

4. Flokka ber hreyflana með því að nota kenninúmer þeirra á þann veg að hægt sé á óbyggjandi hátt að ákvarða framleiðsluröðina.
5. Hreyflarnir skulu bera allar merkingar sem krafist er áður en þeir fara af færibandinu.
6. Nákvæm staðsetning hreyflamerkinganna skal gefin upp í upplýsingaskjalinu, í samræmi við I. og II. viðauka.

---

## 4. viðbætur

## Númerakerfi

1. EB- gerðarviðurkenningarnúmerið er samsett úr fimm þáttum sem eru aðskildir með táknuinu „ \* “
  1. þáttur Lítið „e“, þar á eftir komi auðkennandi númer aðildarríkisins sem veitti gerðarviðurkenninguna:
    - „1“ fyrir Þýskaland
    - „2“ fyrir Frakkland
    - „3“ fyrir Ítalíu
    - „4“ fyrir Holland
    - „5“ fyrir Svíþjóð
    - „6“ fyrir Belgíu
    - „9“ fyrir Spán
    - „11“ fyrir Breska konungsríkið
    - „12“ fyrir Austurríki
    - „13“ fyrir Lúxemborg
    - „17“ fyrir Finnland
    - „18“ fyrir Danmörku
    - „21“ fyrir Portúgal
    - „23“ fyrir Grikkland
    - „24“ fyrir Írland
  2. þáttur Númer grunntilskipunarinnar og á eftir fylgi bókstafurinn A fyrir I. áfanga og bókstafurinn B fyrir II. áfanga
  3. þáttur Númer nýjustu breytingatilskipunarinnar sem gildir um viðurkenninguna. Ef í tilskipun eru mismunandi dagsetningar fyrir framkvæmd eftir mismunandi tæknistöðlum skal bæta við bókstaf til að tilgreina þann staðal sem gerðarviðurkenningin var veitt í samræmi við
  4. þáttur Fjögurra stafa raðtala (með núllum fremst, eftir því sem við á) sem er grunnviðurkenningarnúmerið. Röðin hefst á 0001 fyrir hverja grunntilskipun
  5. þáttur Tveggja stafa raðtala (með núllum fyrir framan, eftir því sem þarf) sem gefur til kynna rýmkuðina. Röðin hefst á 00 fyrir hvert viðurkenningarnúmer

2. Dæmi um þriðju viðurkenninguna, sem veitt var í Frakklandi í samræmi við þessa tilskipun, sem uppfyllir kröfur I. áfanga þessarar tilskipunar:

e2 \* NN / NN<sup>(1)</sup>A \* 00 / 00 \* 0003 \* 00

3. Dæmi um aðra rýmkun fjórðu viðurkenningar, sem gefin er út í Breska konungsríkinu samkvæmt þessari tilskipun, sem uppfyllir kröfur II. áfanga þessarar tilskipunar:

e11 \* NN / NN<sup>(1)</sup>B \* 00 / 00 \* 0004 \* 02


—

<sup>(1)</sup> NN/NN = númer þessara tilskipana.

## 5. viðbætur

## EB-gerðarviðurkenningarkerki

1. EB-gerðarviðurkenningarkerkið skal vera rétthyrningur utan um lágstafinn „e“ og skal auðkennandi númer eða bókstafir úr þáttum 2 til 5 úr EB-gerðarviðurkenningarnúmerinu fylgja.
2. Dæmi um EB-gerðarviðurkenningarkerki:



**NN/NN B \* 00/00 \* 0004 \* 02**

## II. VIÐAUKI

**KRÖFUR VEGNA EB-GERÐARVIÐURKENNINGAR FYRIR GERÐ DRÁTTARVÉLAR, BÚNA ÞJÖPPUNARKVEIKJUHREYFLI, MEÐ TILLITI TIL LOSUNAR MENGUNAREFNA**

## 0. ALMENNT

Viðeigandi skilgreiningar, tákni og skammstafanir í tilskipun 97/68/EB gilda nema um aðrar skilgreiningar sé að ræða í þessari tilskipun.

## 1. SKILGREININGAR

- „Gerð dráttarvélar með tilliti til losunar mengunarefna“: dráttarvélar sem ekki eru frábrugðnar með tilliti til þeirra grundvallaratriða sem skilgreind eru í 1. viðbæti við þennan viðauka,
- „losun mengunarefna“: mengandi lofttegundir (kolsýringur, vetniskolefni og köfnunarefnisoxíð) og mengandi agnir.

## 2. UMSÓKN UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU FYRIR GERÐ DRÁTTARVÉLAR

2.1. *Umsókn um EB-gerðarviðurkenningu á gerð dráttarvélar að því er varðar hreyfil*

- 2.1.1. Framleiðandi dráttarvélarinnar eða umboðsmaður hans skal sækja um gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar með tilliti til losunar mengunarefna.
- 2.1.2. Umsókninni skal fylgja upplýsingaskjal, fyllt út í þrítíti, en fyrirmynd að slíku skjali er að finna í I. viðbæti við þennan viðauka.
- 2.1.3. Láta ber tækniþjónustunni, sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar, í té dráttarvélarhreyfil sem er í samræmi við einkenni „gerðar hreyfils“ eða „stofnhreyfils“ sem lýst er í I. viðbæti við þennan viðauka.

2.2. *Umsókn um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar með viðurkenndum hreyfli*

- 2.2.1. Framleiðandi dráttarvélarinnar eða umboðsmaður hans skal sækja um gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar með tilliti til losunar mengunarefna.
- 2.2.2. Umsókninni skal fylgja upplýsingaskjal, fyllt út í þrítíti, en fyrirmynd að slíku skjali er að finna í I. viðbæti við þennan viðauka, og eintak af EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu fyrir hreyfilinn eða hreyfilhópinng og, ef við á, fyrir aðskildu tæknieininguna sem komið er fyrir í dráttarvélargerðinni.

## 3. FORSKRIFTIR OG PRÓFANIR

3.1. *Almennt*

Ákvæði 4. þáttar í I. viðauka og III., IV. og V. viðauka við tilskipun 97/68/EB gilda.

3.2. *Uppsetning hreyfla í ökutækinu*

Uppsetning hreyfla í ökutækinu skal vera í samræmi við eftirfarandi eiginleika með tilliti til gerðarviðurkenningar hreyfilsins:

- 3.2.1. undirþrýstingur í inntaki skal ekki vera meiri en sá sem tilgreindur er fyrir gerðarviðurkenndan hreyfil,
- 3.2.2. bakþrýstingur útblásturs skal ekki vera meiri en sá sem tilgreindur er fyrir gerðarviðurkenndan hreyfil.

- 3.3. Þeir íhlutir dráttarvélar, sem gætu haft áhrif á mengunarefni sem losuð eru skulu hannaðir, smíðaðir og settir saman þannig að þeir uppfylli tæknilegar kröfur þessarar tilskipunar við venjulegar notkunar aðstæður dráttarvélarinnar og þrátt fyrir hvers konar titring sem hún kann að verða fyrir.
4. VIÐURKENNING
- Gefa skal út viðurkenningarvottorð, í samræmi við 2. viðbæti við þennan viðauka, fyrir allar gerðir dráttarvéla sem eru búnar hreyfli sem gefið hefur verið út viðurkenningarvottorð fyrir í samræmi við I. viðauka eða ákvæðin sem getið er um í III. viðauka.
5. HREYFILMERKI
- Merkja skal hreyfilinn í samræmi við kröfurnar í 3. viðbæti við I. viðauka. Kenninúmer EB-gerðarviðurkenningarinnar skal uppfylla kröfurnar í 4. og 5. viðbæti við I. viðauka.
6. SAMRÆMI FRAMLEIÐSLU
- Með fyrirvara um kröfurnar í 8. gr. tilskipunar 74/150/EBE skal kanna samræmi framleiðslu samkvæmt ákvæðum 5. þáttar I. viðauka við tilskipun 97/68/EB.
-

## 1. viðbætur

## Upplýsingaskjal

**varðandi EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar, búna þjöppunarkveikjuhreyfli, með tilliti til losunar mengunarefna**

Eftirfarandi upplýsingar skulu veittar í þrítí og með skrá yfir fylgiskjöl. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, þar sem þeirra er þörf, skulu einnig vera nægilega nákvæmar

1. HLUTI ALMENNT
1. **Gerð dráttarvélar**
- 1.1. Tegund (-ir) (viðskiptaheiti framleiðanda): .....
- 1.2. Gerð og verslunarheiti dráttarvélarinnar: .....
- 1.3. Gerðarkóðar framleiðanda, eins og þeir eru settir á dráttarvélinu, og aðferð við að festa þá á: .....
- 1.3.1. Staðsetning, kóðun og aðferð við að festa kenninúmer dráttarvélarinnar á: .....
- 1.3.2. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningamerkið á: .....
- 1.4. Nafn og heimilisfang framleiðanda: .....
- 1.5. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja: .....
2. HLUTI GERÐ DRÁTTARVÉLAR
2. **Grundvallareinkenni dráttarvélagarinnar**
- 2.1. Lýsing á þjöppunarkveikjuhreyflinum
- 2.1.1. Framleiðandi: .....
- 2.1.2. Merki framleiðanda eins og það sem er fest á hreyfilinn: .....
- 2.1.3. Vinnuhringur: fjörgengis/tvígengis <sup>(1)</sup>
- 2.1.4. Borvídd: ..... mm
- 2.1.5. Slaglengd: ..... mm
- 2.1.6. Fjöldi og fyrirkomulag strokka: ..... cm<sup>3</sup>

- 2.1.7. Sprengirými: ..... cm<sup>3</sup>
- 2.1.8. Nafnsnúningshraði: ..... sn./mín.
- 2.1.9. Toppgildi snúningsvægis: .... sn./mín.
- 2.1.10. Þrýstihlutfall (<sup>2</sup>): .....
- 2.1.11. Brennslukerfi: .....
- 2.1.12. Teikningar af brunahólfi og stimpilkolli: .....
- 2.1.13. Lágmarks þversniðsflatarmál inn- og úttaksrása: .....
- 2.1.14. Kælikerfi
- 2.1.14.1. Kælivökvi
- 2.1.14.1.1. Eðli kælivökva: .....
- 2.1.14.1.2. Hringrásardæla eða -dælur: já/nei (<sup>1</sup>)
- 2.1.14.1.3. Einkenni eða tegund (-ir) og gerð (-ir) (ef við á): .....
- 2.1.14.1.4. Drifhlutfall eða -föll (ef við á): .....
- 2.1.14.2. Loft
- 2.1.14.2.1. Blásari: já/nei (<sup>1</sup>)
- 2.1.14.2.2. Einkenni eða tegund (-ir) og gerð (-ir) (ef við á): .....
- 2.1.14.2.3. Drifhlutfall eða -föll (ef við á): .....
- 2.1.15. Hitastig sem framleiðandi heimilar: .....
- 2.1.15.1. Vökvakæling: hámarkshiti við úttak: ..... K
- 2.1.15.2. Loftkæling: viðmiðunarpunktur: .....
- Hámarkshiti við viðmiðunarpunkt: ..... K
- 2.1.15.3. Hámarkshiti hleðslulofts við úttak millikælis (ef við á): ..... K
- 2.1.15.4. Hámarkshiti útblásturs við þann punkt í útblástursröri eða -rörum sem er við ytri kraga útblástursgreinar eða greina: ..... K
- 2.1.15.5. Hitastig smurólú: lágmark: ..... K hámark: ..... K

- 2.1.16. Forþjappa: já/nei <sup>(1)</sup>
- 2.1.16.1. Tegund: .....
- 2.1.16.2. Gerð: .....
- 2.1.16.3. Lýsing á kerfinu (t.d. hámarksþjöppunarálagi, úttaksventli, ef við á): .....
- 2.1.16.4. Millikælir: já/nei <sup>(1)</sup>
- 2.1.17. Inntakskerfi: leyfilegur hámarksundirþrýstingur í inntaki við nafnsúningshraða hreyfils .... sn./mín.:  
..... kPa og við 100% álag: ..... kPa
- 2.1.18. <sup>(1)</sup> Útblásturskerfi: Leyfilegur hámarksbakþrýstingur útblástur við nafnsúningshraða hreyfils  
..... sn./mín.:  
..... kPa og við 100% álag: ..... kPa
- 2.2. Aukamengunarvarnarbúnaður (ef einhver og sem fellur ekki undir aðra liði)  
Lýsing og/eða skýringarmynd (-ir): .....
- 2.3. Eldsneytisgjöf
- 2.3.1. Eldsneytisdæla  
Prýstingur <sup>(2)</sup> eða kennilína: ..... kPa
- 2.3.2. Innsprautunarkerfi
- 2.3.2.1. Dæla
- 2.3.2.1.1. Tegund (-ir): .....
- 2.3.2.1.2. Gerð (-ir): .....
- 2.3.2.1.3. Skömmtun: ..... og ..... mm<sup>3</sup> <sup>(2)</sup> á slag eða vinnuhring við dæluhraðann: ..... sn./mín.  
(nafnhraði), og ..... sn./mín. (hámarkssúningsvægi), eða kennilína.  
Tilgreinið þá aðferð sem notuð er: á hreyfil/ prófunarbekk <sup>(1)</sup>
- 2.3.2.1.4. Flýting innsprautunar
- 2.3.2.1.4.1. Ferill fyrir flýtingu innsprautunar <sup>(2)</sup>: .....
- 2.3.2.1.4.2. Tímastilling <sup>(2)</sup>: .....

- 2.3.2.2. Leiðslur fyrir innsprautun
- 2.3.2.2.1. Lengd ..... mm
- 2.3.2.2.2. Innra þvermál: ..... mm
- 2.3.2.3. Eldsneytisloki (-ar)
- 2.3.2.3.1. Tegund (-ir): .....
- 2.3.2.3.2. Gerð (-ir): .....
- 2.3.2.3.3. Opunarþrýstingur (<sup>2</sup>) eða kennilína (<sup>1</sup>): .....
- 2.3.2.4. Gangráður
- 2.3.2.4.1. Tegund (-ir): .....
- 2.3.2.4.2. Gerð (-ir): .....
- 2.3.2.4.3. Sá hraði þegar lokun hefst við fullt álag (<sup>2</sup>): ..... sn./mín.
- 2.3.2.4.4. Hámarksnúningshraði án álags (<sup>2</sup>): ..... sn./mín.
- 2.3.2.4.5. Snúningshraði í hægagangi (<sup>2</sup>): ..... sn./mín.
- 2.3.3. Kaldræsikerfi
- 2.3.3.1. Tegund (-ir): .....
- 2.3.3.2. Gerð (-ir): .....
- 2.3.3.3. Lýsing: .....
- 2.4. Tímastilling ventla
- 2.4.1. Hámarkslyfting og opunar- og lokunarhorn miðað við efri dástöðu eða jafngildar upplýsingar: .....
- .....
- 2.4.2. Viðmiðunarbíl og/eða stillingarmörk (<sup>1</sup>):
- 2.5. Rafstýringarbúnaður
- Ef rafstýringarbúnaður er í hreyflinum skal leggja fram upplýsingar varðandi virkni hans, þar með talið: .....

- 2.5.1. Tegund: .....
- 2.5.2. Gerð: .....
- 2.5.3. Nr. hluta: .....
- 2.5.4. Staðsetning rafstýrieiningar hreyfilsins: .....
- 2.5.4.1. Hvað hún nemur: .....
- 2.5.4.2. Hverju hún stjórnar: .....
- 

<sup>(1)</sup> Strikið út það sem á ekki við.

<sup>(2)</sup> Tilgreinið vikið.

## 2. viðbætur

**SÝNISHORN**

(Hámarksstærð A4 (210 x 297mm))

**EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ**Stimpill  
yfirvalds

Tilkynning um:

- gerðarviðurkenningu <sup>(1)</sup>
- rýmkun á gerðarviðurkenningu <sup>(1)</sup>
- synjun á gerðarviðurkenningu <sup>(1)</sup>
- afturköllun á gerðarviðurkenningu <sup>(1)</sup>

fyrir gerð dráttarvélar, búna þjöppunarkveikjuhreyfli, samkvæmt tilskipun .../.../EB um losun mengunarefna

EB-gerðarviðurkenningarnúmer: .....

Rýmkunarnúmer <sup>(2)</sup>: .....Ástæða fyrir rýmkun <sup>(2)</sup>: .....**I. HLUTI**

0. Almenn
- 0.1. Tegund (-ir) (heiti fyrirtækis): .....
- 0.2. Nafn og heimilisfang framleiðanda (eða umboðsmanns hans ef við á) dráttarvélargerðarinnar: .....
- 0.3. Gerðarkóði framleiðanda eins og hann er merktur á dráttarvélinu: .....
- Staðsetning: .....
- Aðferð við að festa á: .....
- 0.4. Staðsetning, kóði og aðferð við að festa kenninúmer dráttarvélarinnar á: .....
- 0.5. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningamerkið á: .....
- 0.6. Heiti og heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja: .....

## II. HLUTI

1. Takmarkanir á notkun hreyfilsins (ef einhverjar eru): .....
- 1.1. Sérstök skilyrði sem uppfylla skal þegar hreyfillinn (hreyflarnir) eru settir í dráttarvélin: .....
- 1.1.1. Leyfilegur hámarksundirþrýstingur í inntaki: ..... kPa
- 1.1.2. Leyfilegur hámarks bakþrýstingur: ..... kPa
2. Hreyfillinn eða dráttarvélin hefur gengist undir sérstaka gerðarviðurkenningu íhlutar JÁ/NEI <sup>(1)</sup>
- 2.1. Ef merkt er við JÁ
- 2.1.1. Tilskipanir eða reglugerðir sem vísað er til: tilskipun 97/68/EB, eða, þar sem við á, tilskipun 88/77/EBE/reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.02/reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 96
- 2.1.2. Gerðarviðurkenningarnúmer íhlutar: .....  
og gerðarviðurkenningavottorð fyrir viðkomandi gerð hreyfils eða hóp hreyfla skal fylgja
- 2.2. Ef merkt er við NEI
- 2.2.1. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar vegna gerðarviðurkenningar íhluta.....  
.....
- 2.2.2. Dagsetning prófunarskýrslu: .....
- 2.2.3. Númer prófunarskýrslu: .....
- 2.2.4. Niðurstöður úr prófunum
- Mælt í samræmi við kröfur tilskipunar 97/68/EB
- | CO (g/kWh) | HC (g/kWh) | NO <sub>x</sub> (g/kWh) | Agnir (g/kWh) |
|------------|------------|-------------------------|---------------|
|            |            |                         |               |
- eða gerðarviðurkenningavottorð fyrir viðkomandi gerð hreyfils eða hóp hreyfla skal fylgja
- 2.3. Íhlutir dráttarvélar sem gætu haft áhrif á losun mengunarefna (tilgreinið, ef við á, eðli áhrifanna): .....
- .....

3. Undirritaður vottar hér með að lýsing framleiðanda á gerð dráttarvélarinnar, sem lýst er hér að framan, og prófunarniðurstöður, sem koma fram í gerðarviðurkenningarmöppunni, séu réttar.

Gerðarviðurkenning er veitt, synjað um hana eða hún afturkölluð <sup>(1)</sup>

Staður: .....

Dagsetning: .....

Undirskrift: .....

Viðauki: .....

Gerðarviðurkenningarmappa: .....

—

<sup>(1)</sup> Strikið út það sem á ekki við.

<sup>(2)</sup> Eftir því sem við á.

*III. VIÐAUKI***VIÐURKENNING ANNARRA GERÐARVIÐURKENNINGA**

1. Fyrir I. áfanga eru eftirfarandi gerðarviðurkenningarvottorð viðurkennd sem jafngild fyrir hreyfla í flokkum B og C eins og skilgreint er í tilskipun 97/68/EB:
  - 1.1. Gerðarviðurkenningarvottorð í samræmi við tilskipun 97/68/EB:
  - 1.2. Gerðarviðurkenningarvottorð samkvæmt tilskipun 88/77/EBE, sem uppfylla kröfurnar í áföngum A eða B varðandi 2. gr. og lið 6.2.1 í I. viðauka við tilskipun 88/77/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 91/542/EBE, eða reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðuð þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.02, breytinga, leiðréttingar I/2.
  - 1.3. Gerðarviðurkenningarvottorð í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 96.
2. Eftirfarandi gerðarviðurkenningarvottorð eru viðurkennd sem jafngild fyrir II. áfanga:

Gerðarviðurkenningarvottorð í samræmi við tilskipun 97/68/EB, II. áfangi fyrir hreyfla í flokkum D, E, F og G.

---